




UMHVERFIS
STOFNUN

Friðland við Varmárósa

Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

Aðgerðaáætlun 2024 - 2026

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi friðlandsins við Varmárósa haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni.



Árleg eða regluleg verkefni

Uppbygging innviða

Aðrar aðgerðir sem styðja

við stefnu um friðlandið

Varmárósa

Árleg eða regluleg verkefni

- Ástandsmat unnið af Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun uppfærir upplýsingar um friðlandið á heimasíðu þess eftir þörfum.
- Vöktun á framgangi framandi, ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.
- Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.

Uppbygging innviða

- Ný upplýsinga- og fræðsluskilti unnin.
- Merkingar um takmarkanir á umferð settar upp.

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um friðlandið við Varmárósa

Vegir og bílastæði

- Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að hafa bílastæði og áningarstað sem uppfyllir kröfur um aðgengi fólks með fötlun.

Lífríki

- Unnin verði áætlun um eyðingu framandi, ágengra tegunda og kostnaðargreining gerð.
- Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við þar til bæra aðila við að fylgjast með framandi, ágengum tegundum á svæðinu og landbroti og hvernig það hefur áhrif á fitjasefið.
- Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.
- Umhverfisstofnun mun koma ábendingum um reglur vegna fjarstýrðra loftfara á framfæri við forsvarsmenn lendingarstaðarins Tungubakka-BIMS og vegna Flugmálahandbókar.

Fræðsla, skilti og merkingar

- Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ, vinni tillögur um hvernig hægt er að bæta fræðslu til almennings, t.d. skólahópa, með verndargildi svæðisins í huga, svo sem með upplýsingum á jaðri svæðisins og á öðrum miðlum.
- Upplýsingum um hundabann komið á framfæri á skiltum og heimasíðu.
- Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Varmárósa og hún verði uppfærð eftir þörfum.



UMHVERFIS
STOFNUN